

Reglur varðandi umsóknir um tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum.

1. kafli Almennar forsendur

Garðabær stefnir að því að almennt tónlistarnám fari fram í Tónlistarskóla Garðabæjar. Með almennum tónlistarnámi er átt við nám samkvæmt námskrá um tónlistarskóla sem lýkur með framhaldsprófi. Undantekning frá þessu er ef nám verður sérhæfðara en boðið er upp á í Tónlistarskóla Garðabæjar eða af öðrum orsökum talið hagkvæmt að nám fari fram í öðrum tónlistarskóla.

Nemendur sem hafa verið nemendur í Tónlistarskóla Garðabæjar geta sótt um heimild til tónlistarnáms við annan tónlistarskóla, ef Tónlistarskóli Garðabæjar getur ekki séð um kennslu þeirra lengur vegna sérhæfingar námsins. Sem dæmi má nefna jassnám á efri námsstigum, sértækt nám í einsöng, sérstakan undirbúning fyrir háskólanám í tónlist o.fl. þess háttar.

Afgreiðsla umsókna um tónlistarnám í öðrum tónlistarskólum en Tónlistarskóla Garðabæjar er á vegum samráðsnefndar fræðslu- og menningarsviðs og Tónlistarskóla Garðabæjar.

2. kafli Almennar reglur

1. Garðabær mun greiða kennslukostnað í tónlistarskóla fyrir nemendur, sem óska eftir að stunda nám í öðrum tónlistarskóla en Tónlistarskóla Garðabæjar, í samræmi við þær reglur um kröfur, ástundun og framvindu í námi sem nánar er kveðið á í 3. kafla.
2. Greitt er samkvæmt gjaldskrá sem fræðslu- og menningarsvið setur í samvinnu við Tónlistarskóla Garðabæjar og skal staðfesta gjaldskrána í bæjarráði hverju sinni.
3. Sérhver nemandi skal sækja um námsvist í öðrum tónlistarskóla til sveitarfélagsins og fer fræðslu- og menningarsvið með umboð Garðabæjar gagnvart öðrum tónlistarskólum vegna greiðslu kennslukostnaðar.
4. Liggja skal fyrir samþykki þess sveitarfélags eða þess tónlistarskóla sem um ræðir þar sem til stendur að stunda tónlistarnám. Árlega skal staðfest samþykki liggja fyrir.
5. Garðabær setur reglur um framvindu tónlistarnáms í öðrum tónlistarskólum en Tónlistarskóla Garðabæjar hámarkstíma sem námið getur tekið og hámarksnám sem er styrkt, sbr. 3. kafla hér fyrir neðan.
6. Garðabær getur hverju sinni takmarkað fjölda nemenda sem greitt er með til annarra tónlistarskóla til samræmis við svigrúm í fjárhagsáætlun hverju sinni.
7. Ef nemandi í tónlistarskóla flytur lögheimili sitt í annað sveitarfélag á skólaárinu þá greiðir Garðabær vegna hans fram að byrjun næstu annar frá dagsetningu lögheimilisskipta.
8. Garðabær greiðir ekki með nemendum sem stunda tónlistarnám á háskólastigi.

3. kafli
Reglur um kröfur, ástundun og framvindu

- a) Sækja þarf um heimild til fræðslu- og menningarsviðs fyrir 1. júní ár hvert.
- b) Í umsókn nemandans þarf að koma fram rökstuðningur fyrir því að viðkomandi óskar eftir að stunda nám annars staðar en við Tónlistarskóla Garðabæjar.
- c) Námsástundun umsækjanda þarf að hafa verið a.m.k. 80% að meðaltali s.l. 3 skólaár við Tónlistarskóla Garðabæjar og/eða við sambærilegan skóla .
- d) Meðaleinkunnir s.l. 3ja skólaára þurfa að hafa verið a.m.k 8,0 í aðalnámsgrein (hljóðfæri/einsöngur) og 7,0 í tónfræðagreinum.
- e) Leggja skal fram afrit af námsvottorði síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Umsögn kennara er höfð til hliðsjónar við mat á styrkhæfi nemandans.
- f) Umsækjandi þarf að hafa staðist inntökuskilyrði í viðkomandi tónlistarskóla og geta framvísað staðfestingu þess efnis frá skólanum.
- g) Hverjum og einum nemenda eru settar eftirfarandi framvindukröfur:
 - Tilgreint er hve margar annir eru greiddar vegna náms í sérhæfðu námi. Aldrei er þó heimilt að greiða fyrir fleiri en 7 annir í framhaldsnámi, enda skal gera ráð fyrir að grunn- og miðnámi hafi verið lokið í Tónlistarskóla Garðabæjar. Undanþága frá þessu krefst sérstakrar umfjöllunar samráðsnefndar fræðslu- og menningarsviðs og Tónlistarskóla Garðabæjar, svo leita megi fjárheimilda til undanþágu ef rök mæla með henni.
 - Sé veitt heimild til að stunda nám í tónlistarskóla í öðru sveitarfélagi á grundvelli hagkvæmni fyrir Tónlistarskóla Garðabæjar eða vegna sérstöðu tónlistarnáms, skal eftir sem áður setja framvindukröfur með það að leiðarljósi að framvinda í námi sé sambærileg og almennur hluti aðalnámsskrár tónlistarskóla segir til um. Umsækjandi skal upplýstur um fjölda námsára sem sveitarfélagið skuldbindur sig til að styrkja tónlistarnámið. Hér er gert ráð fyrir að grunnám, miðnám og framhaldsnám taki 10 ár. Undanþága frá þessu krefst sérstakrar umfjöllunar samráðsnefndar fræðslu- og menningarsviðs og Tónlistarskóla Garðabæjar svo leita megi fjárheimilda til undanþágu ef rök mæla með henni.
 - Í kröfum um framvindu skal einnig getið um kröfur um námsástundun og námsárangur frá ári til árs. Samráðsnefnd fræðslu- og menningarsviðs og Tónlistarskóla Garðabæjar fylgist með þeirri framvindu og óskar eftir vottorði frá viðkomandi tónlistarskóla vegna þessa.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
Maí 2008

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.